

Hafnarfirði, 4. október 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Í ljósi hertra sóttvarnarreglna höfum við tekið þá ákvörðun að öll kennsla, fyrir utan kennslu nemenda á starfsbraut, verði í **fjarnámi í næstu viku**. Staðbundna lotan sem fyrirhuguð var fellur því niður og eiga nemendur, aðrir en þeir sem eru á starfsbraut, því **ekki að mæta í skólann** á morgun, mánudaginn 5. október.

Fjarkennsla hefst samkvæmt stundatöflu í fyrramálið og eru nemendur beðnir um að fylgjast vel með á INNU og fylgja leiðbeiningum um tímasókn og verkefnavinnu. Við leggjum áherslu á að nemendur mæti vel í fjarkennslustundirnar, fylgist vel með og sinni náminu áfram af kappi.

Um leið og eitthvað breytist munum við senda ykkur skilaboð og setja inn fréttir á heimasíðu skólans og samfélagsmiðla.

Farið vel með ykkur og gangi ykkur vel!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400